



Fréttatilkynning 8. ágúst 2003

Afkoma Skýrr hf. á fyrri árshelmingi 2003

Hagnaður á öðrum ársfjórðungi 42,5 millj. kr

Hagnaður Skýrr hf. á öðrum ársfjórðungi 2003 nam 42,5 millj.kr. eftir skatta, samanborið við 20,5 millj. kr. á síðasta ári. Rekstrartekjur fjórðungsins námu 542 millj. kr. samanborðið við 446 millj. kr. árið áður og hækka um 22% milli ára. Hagnaður fyrir afskriftir, EBITDA, nam 117 millj. kr. í fjórðungnum, samanborið við 64 millj. kr. árið áður og nær tvöfaldast. Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga:

	Q-2 2003	Q-1 2003	Q-4 2002	Q-3 2002	Q-2 2002
Rekstrartekjur.....	542.227	640.601	470.135	565.804	445.989
Rekstrargjöld án afskrifta.....	(424.864)	(549.986)	(413.110)	(482.096)	(381.624)
Rekstrarhagnaður án afskrifta.....	117.363	90.615	57.025	83.708	64.365
Afskriftir.....	(41.350)	(40.646)	(39.263)	(36.714)	(30.405)
Rekstrarhagnaður.....	76.013	49.969	17.762	46.994	33.960
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(8.307)	(4.371)	(1.118)	(2.648)	4.933
Niðurfærsla hlutabréfaeignar.....	(15.177)	(17.077)	(38.127)	(35.941)	(13.014)
Áhrif dóttur- og hlutdeildarféлага.....	(658)	290	(8.374)	(46.948)	(238)
Tekjuskattur.....	(9.348)	(4.326)	6.186	(660)	(5.101)
Hagnaður (tap).....	42.523	24.485	(23.671)	(39.203)	20.540

EBITDA 208 millj. kr. á fyrri árshelmingi

Rekstrartekjur samstæðunnar, með dótturfélaginu Teymi ehf., námu á fyrri árshelmingi 2003 1.183 millj. kr., samanborið við 923 millj. kr. á síðasta ári. Tekjurnar vaxa því um 28% milli ára. Tekjur móðurfélagsins á sama tímabili námu 1.052 millj. og hækka um 14% milli ára. Rekstrargjöld á sama tíma nema samtals 1.057 millj. kr., samanborið við 853 millj. kr. árið áður og aukast um 23% milli ára. Hagnaður fyrir afskriftir, EBITDA, nemur 208 millj. kr., samanborið við 128 millj. kr. árið áður. Er þetta besta rekstrarniðurstaða Skýrr hf. að undanskildu árinu 2000, en þá hafði söluhagnaður veruleg áhrif.

Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 13 millj. kr. á tímabilinu, en voru jákvæðir um 8 millj. kr. árið áður. Skýringin er sú að á síðasta ári var gengishagnaður að fjárhæð 19 millj. kr., en einungis ein millj. á þessu ári. Sérstök niðurfærsla hlutabréfaeignar nemur rúmum 32 millj. kr., samanborið við 66 millj. kr. árið áður. Skýringar liggja að mestu í lækkun á markaðsgengi skráðra hlutabréfa í eigu fyrirtækisins. Afkoma dótturfélagsins Teymi ehf. var neikvæð um 5 millj. kr. og sömuleiðis var afkoma hlutdeildarféлага undir væntingum, neikvæð um tæpa 0,5 millj. kr., sem er svipað og árið áður.

Hagnaður fyrir skatta á fyrri árshelmingi ársins 2003 nemur því 80,7 millj. kr. og að teknu tilliti til skatta að fjárhæð 13,7 millj. kr. er hagnaður tímabilsins 67 millj. kr., borið saman við 8 millj. kr. árið áður.

Rekstur	2003	2002	2001	2000	1999
	jan.-jún.	jan.-jún.	jan.-jún.	jan.-jún.	jan.-jún.
Seldar vörur og þjónusta	1.182.828	922.554	739.922	690.770	622.937
Söluhagnaður	0	0	24.000	123.667	0
Rekstrartekjur samtals	1.182.828	922.554	763.922	814.437	622.937
Rekstrargjöld án afskrifta	(974.850)	(794.601)	(698.332)	(576.417)	(521.587)
EBITDA	207.978	127.953	65.590	238.020	101.350
EBITDA án söluhagnaðar	207.978	127.953	41.590	114.353	101.350
Afskriftir	(81.996)	(58.776)	(53.969)	(48.539)	(46.970)
Rekstrarhagnaður(tap) án fjármagnsgjalda	125.982	69.177	11.621	189.481	54.380
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(12.678)	7.731	(19.455)	3.084	(10.061)
Sérstök niðurfærsla hlutabréfaeignar	(32.254)	(65.991)	(173.421)		
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага	(368)	(455)	(17.784)	(14.900)	64
Hagnaður (tap) fyrir skatta	80.682	10.462	(199.039)	177.665	44.383
Skattar	(13.674)	(2.446)	42.528	(60.570)	(12.954)
Hagnaður (tap) tímabils	67.008	8.016	(156.511)	117.095	31.429
Efnahagur	30.6.2003	30.6.2002	30.6.2001	30.6.2000	30.6.1999
Eignir:					
Fastafjármunir	1.029.419	1.058.099	1.075.723	879.300	503.404
Veltufjármunir	547.953	282.507	268.989	422.000	309.008
Eignir samtals	1.577.372	1.340.606	1.344.712	1.301.300	812.412
Skuldir og eigið fé:					
Eigið fé	474.550	442.213	384.391	441.626	271.321
Tekjuskattsskuldbinding	1.233	27.196	83.124	73.112	15.371
Langtímaskuldir	411.948	422.633	473.386	363.624	287.223
Skammtímaskuldir	689.641	448.564	403.811	422.938	238.497
Skuldir samtals	1.102.822	898.393	960.321	859.674	541.091
Skuldir og eigið fé samtals	1.577.372	1.340.606	1.344.712	1.301.300	812.412
	2003	2002	2001	2000	1999
Sjóðstreymi:	jan.-jún.	jan.-jún.	jan.-jún.	jan.-jún.	jan.-jún.
Veltufé (til) frá rekstri	173.740	107.619	40.810	110.735	91.776
Handbært fé frá rekstri	296.125	216.088	119.568	133.135	65.719
Kennitölur:					
Veltufjárhlutfall	0,79	0,63	0,67	1,00	1,30
Eiginfjárhlutfall	0,30	0,33	0,29	0,34	0,33
Hagnaður á hverja krónu hlutafjár	0,26				
Arðsemi eigin fjár	32,9%	3,9%	-28,8%	68,7%	25,9%

Um reksturinn á tímabilinu

Rekstur Skýrr á öðrum ársfjórðungi 2003 var í samræmi við áætlanir og verkefnastaða var góð. Sala á Oracle-viðskiptalausnum og tengdri þjónustu gekk sérstaklega vel á tímabilinu.

Eins og undanfarin misseri var umfangsmikil starfsemi kringum innleiðingu á nýjum fjárhags- og mannauðskerfum hjá hinu opinbera. Það verkefni gengur að óskum og í júlímánuði var undirritaður verklokasamningur milli íslenska ríkisins og Skýrr.

Í ágústmánuði var síðan gengið frá viðamiklum þjónustusamningi vegna þessa verkefnis. Samkvæmt honum veitir Skýrr umtalsverða þjónustu eftir innleiðingu við útbreiðslu og eftirfylgni á fjárhags- og mannauðskerfa hjá stofnunum hins opinbera, meðal annars á sviði fræðslu og þjálfunar notenda.

Nýlega hafa sömuleiðis verið undirritaðir samningar um nokkur viðamikil verkefni á sviði staðlaðra og sérsníðaðra hugbúnaðarlausna. Má þar nefna innleiðingar á Vakta- og viðverukerfi, Business Objects-viðskiptabúnaði og Erindreka-skjalastjórnunarkerfinu. Vinna við smíðar á nýju upplýsingakerfi fyrir lögregluna er sömuleiðis í fullum gangi.

Kraftmikil markaðssókn var í kerfisleigu og tölvurekstrarþjónustu á tímabilinu og undirritaðir voru nokkrir langtímasamningar við viðskiptavinum um heildarlausnir og útvistun upplýsingatækni á því sviði. Góður vöxtur var í sölu og þjónustu vegna hýsingar, gagnatenginga og hverskonar Internetþjónustu, en Skýrr starfrækir eina stærstu Internetþjónustu landsins.

Almennt um Skýrr hf.

Skýrr er þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni. Markmið fyrirtækisins er að þjóna viðskiptavinum sem best með fjölbreyttum lausnum og þjónustu, góðu og hæfu starfsfólki og rekstri sem skilar arði til hluthafa.

Skýrr er sölu- og þjónustuaðili Business Objects, Oracle Corporation og VeriSign Inc. á Íslandi. Skýrr býður viðskiptavinum jafnt staðlaðar sem sérsníðaðar hugbúnaðarlausnir.

Önnur þjónusta Skýrr er til dæmis á sviði hverskonar gagnaflutninga og Internetþjónustu, kerfisleigu og tölvurekstrarþjónustu, öflugra hýsingarlausna og fjölbreyttrar upplýsingavinnslu. Starfsemi fyrirtækisins er vottuð samkvæmt ISO 9001-gæðastaðli og uppfyllir ströngustu kröfur um örugga miðlun upplýsinga.

Skýrr var stofnað árið 1952 og hefur frá fyrstu tíð verið í fremstu röð. Skýrr er í dag eitt stærsta þekkingarfyrirtæki landsins. Viðskiptavinir fyrirtækisins eru liðlega 2.000 talsins og meðal þeirra eru nokkur stærstu fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög landsins. Fjöldi starfsmanna samstæðunnar í lok júní var um 200 og þar af voru 175 hjá Skýrr og 25 hjá dótturfyrirtæki þess, Teymi ehf.

Hlutabréf Skýrr eru skráð í Kauphöll Íslands. Stjórn félagsins skipa: Frosti Bergsson (formaður), Gunnlaugur Guðjónsson, Jón Sigurðsson, Margrét Guðmundsdóttir og Ragnar Marteinson.

Nánari upplýsingar veitir Hreinn Jakobsson, forstjóri Skýrr hf. (hreinnj@skyrr.is eða 896-3763).